

MENNTAVÍSINDASVIÐ



UPPELDIS- OG MENNTUNARFRÆÐI



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Langar þig til að fræðast um og rannsaka svið sem tengjast

BA-nám í uppeldis- og menntunarfræði gefur nemendum kost á að dýpka skilning sinn á þeim fræðum sem fást við uppeldi og menntun.

Fengist er við spurningar sem tengjast þroska og uppeldi barna og unglinga, samskiptum fólks, sjálfsmyndum einstaklinga og hópa, fjölskyldum, skólum, kynferði og kyngervi, menningarlegum margbreytileika, menntun og starfsframa, og þróun skólakerfa. Námið felur í sér fjölbreytta grunnmenntun sem undirbýr fólk til starfa á fjölmörgum sviðum uppeldis-, félags- og tómstundamála. Námið leggur einnig grunn að fræði- og rannsóknarstörfum á þessum sviðum.

Hvernig er námið byggt upp?


Námið skiptist í skyldunámskeið og fjölda valnámskeiða þar sem nemendur geta sérhæft sig á ákveðnum sviðum og lýkur með fræðilegri BA-ritgerð.

Meðal skyldunámskeiða eru:

- » Inngangur að uppeldis- og menntunarfræði
- » Þroska- og námssálarfræði
- » Samskipti í uppeldis- og fræðslustarfi
- » Fjölskyldur í nútímasamfélagi
- » Þrjú aðferðafræðinámskeið

Margskonar valnámskeið eru í boði á Menntavísindasviði, m.a. nokkur sem eru samkennd með framhaldsnemum í Uppeldis- og menntunarfræðideild. Mælt er með valnámskeiðum á Félagsvísindasviði eða öðrum sviðum Háskóla Íslands, einkum einum til tveimur inngangsnámskeiðum í félagsfræði, mannfræði, sálfræði eða kynjafræði.

Nemendum í uppeldis- og menntunarfræði gefst færi á að stunda hluta af námi sínu erlendis. Greinin á aðild að fjölmörgum samstarfssamningum við erlenda háskóla.



Þroska og uppeldi barna og unglunga?



Nám að loknu BA-prófi

Í framhaldi af BA-námi í uppeldis- og menntunarfræði geta nemendur haldið áfram á sömu braut og tekið frekara nám á meistara- og stafsráðgjöf, blaða- og fréttamennsku, opinberri stjórnsýslu, fötlunarfræði, kynjafræði, alþjóðasamskiptum og í kennslufræði með eða án kennsluréttinda, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Miðað er við að þeir sem teknir eru inn í meistaranám hafi lokið BA-prófi með fyrstu einkunn.

Hvað gera uppeldis- og menntunarfræðingar?

Nemendur sem lokið hafa BA-prófi í uppeldis- og menntunarfræði hafa fengið við afar fjölbreytt störf. Margir fara að vinna í félagsmiðstöðvum, að íþrótt- og tómsundastarfi, að forvörnum, með fötluðum, í leikskólum, í grunnskólum, með nýbúum og öðrum skyldum störfum. Þá má nefna ýmis stjórnunarstörf á sviði uppeldis-, félags- og fræðslumála.

Rósalind Kristjánsdóttir á 3. ári

„Uppeldis- og menntunarfræði hentar vel þeim sem hafa áhuga á uppeldi og menntun barna og unglunga en stefna ekki á kennslu. Námið er áhugavert og skemmtilegt auk þess að vera frábær grunnur fyrir frekara framhaldsnám. Það sem stendur upp úr eru allir þeir góðu vinir sem ég hef eignast í náminu.“



MENNTAVÍSINDASVIÐ

Menntavísindasvið menntar kennara fyrir öll skólastig, uppeldis- og menntunarfræðinga, íþrótt- og heilsufræðinga, tómstunda- og félagsmálafræðinga og þroskaþjálfara. Við Menntavísindasvið er litið á nemendur sem samstarfsfólk og lögð áhersla á samvinnu og góð tengsl milli nemenda og kennara. Einkunnarorð sviðsins eru **Alúð við fólk og fræði**.

Á Menntavísindasviði eru þrjár deildir:

Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

Kennaradeild

Uppeldis- og menntunarfræðideild

Í boði er fjölbreytt grunn- og framhaldsnám á eftirfarandi námsbrautum:

Grunnnám

Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla B.Ed.

Grunnskólakennsla B.Ed.

Faggreinakennsla í grunnskóla B.Ed.

Kennslufræði fyrir iðnmeistara diplóma

Íþrótt- og heilsufræði BS

Tómstunda- og félagsmálafræði BA

Þroskaþjálfufræði BA

Uppeldis- og menntunarfræði BA

Meistaránám

Náms- og kennslufræði M.Ed., MA

Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla M.Ed.

Grunnskólakennsla M.Ed.

Faggreinakennsla í grunnskóla M.Ed.

Kennsla í framhaldsskóla og háskóla diplóma, M.Ed.

Íþrótt- og heilsufræði M.Ed., MS

Tómstunda- og félagsmálafræði M.Ed.

Þroskaþjálfufræði MA

Menntastjórnun og matsfræði M.Ed., MA

Menntunarfræði M.Ed., MA

Nám fullorðinna M.Ed., MA

Sálfræði í uppeldis- og menntavísindum MA

Sérkennslufræði M.Ed., MA

Tengsl við starfsvettvang

Í öllum deildum er rík áhersla lögð á tengsl við væntanlegan starfsvettvang og nemendur fara í starfsþjálfun í skólum og öðrum stofnunum samfélagsins. Nám á Menntavísindasviði er ýmist staðbundið, fjarnám eða sveigjanlegt.

Umsóknir og inntökuskilyrði

Sótt er rafrænt um nám á www.hi.is. Umsækjendur þurfa að hafa lokið stúdentsprófi eða igildi stúdentsprófs. Sjá inntökureglur á www.mennta.hi.is.

Menntavísindasvið hefur aðsetur í Stakkahlíð, Skipholti og Bolholti í Reykjavík og á Laugarvatni.



HÁSKÓLI ÍSLANDS MENNTAVÍSINDASVIÐ

Stakkahlíð
105 Reykjavík

Sími 525 5950

menntavisindasvid@hi.is
www.mennta.hi.is